


Verðhækkanir á matvælum

Hér hafa verið teknar saman ýmsar upplýsingar um verðlagsþróun á matvörum síðasta árið. Þessi samantekt er gerð til að varpa ljósi á að verðhækkanir eru hvorki einskorðaðar við íslenska verslun eða framleiðendur matvæla. Viðmiðunartímabilið er frá 1. mars 2007 þegar virðisaukaskattur á matvæli var lækkaður og vörugjöld afnumin.

Álíka verðhækkanir á matvælum hér og á hinum Norðurlöndunum

Hér er sýnd þróun verðhækkana frá 1. mars 2007 til 1. febrúar 2008 á öllum Norðurlöndunum.

Mynd 1. Þróun neysluverðs matvæla á Norðurlöndunum




Heimildir: Hagstofur Íslands, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands

Á tímabilinu mars 2007 til febrúar 2008 hækkaði matvæla-verð á Íslandi um 6,5%, í Danmörku um 7,2%, í Svíþjóð um 6,0% og í Noregi um 3,3% og í Finnlandi um 6,1%. Meðaltalshækkun á matvælum á Norðurlöndunum á þessu tímabili nam því 5,8%.

Meiri hækkunir á neysluverði innlendra matvæla en í framleiðsluverði

Mynd 2. Samanburður á framleiðsluverði og neysluverði innlendra matvara




Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningur Rannsóknaseturs verslunarinnar

Hér er gerður samanburður á vísitölu framleiðsluverðs innlendra matvæla við vísitölu neysluverðs (verð úr smásöluverslunum) á sömu tegundum¹. Þetta leiðir í ljós að hækkun á framleiðsluverði nemur 4,6% á tímabilinu frá mars 2007 til febrúar 2008 og á sama tíma hækkuðu sömu vörur um 6,1% í smásölu.

¹ Búvörur og aðrar innlendar matar- og drykkjarvörur

Vísitala neysluverðs hefur hækkað meira en verðvísitala dagvöru

Mynd 3. Samanburður á þróun vísitölu neysluverðs og verðvísitölu á dagvöru



Heimild: Hagstofa Íslands

Frá mars 2007 til mars 2008 nam hækkun dagvöru 6,4%, á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 8,7%.

Emil B. Karlsson

31. mars 2008